

Stjórnarfundur Bergrisans 21. janúar 2020

Fundur hófst klukkan 16:00 í ráðhúsi Árborgar.

Mætt: Gísli H. Halldórsson formaður, stjórnarmennirnir Aldís Hafsteinsdóttir. Ásta B. Ólafsdóttir mætti þar sem Sandra Brá Jóhannsdóttir var forfölluð. sem jafnframt ritar fundargerð. Einnig forstöðumenn þjónustuvæða þær Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir, Ragnheiður Hergeirsdóttir og Svava Davíðsdóttir, Íris Ellertsdóttir verkefnastjóri Bergrisans og Steinunn Erla Kolbeinsdóttir lögfræðingur.

Gísli H. Halldórsson ritaði fundargerð

Dagskrá

1. Nýr verkefnastjóri Bergrisans kynntur og mætir á fundinn

Nýráðinn verkefnastjóri Bergrisans, Íris Ellertsdóttir, mætti til fundarins og var boðin velkomin til starfa.

2. Krafa um greiðslu skv. SIS mati fyrir hönd VG

Lögð var fyrir nýlega framlögð krafa vegna skjólstæðings Bergrisans, en málið hefur verið áður til umfjöllunar á nokkrum stjórnarfundum.

Stjórn hefur ákveðið að greitt skuli samkvæmt gildandi sis mati hverju sinni. Starfsmönnum falið að kanna hvort greiðslur hafi átt sér stað í samræmi við það og svara erindinu í framhaldi.

3. Búsetukjarni á Selfossi

Kynnt var ákvörðun bæjarráðs Árborgar að veita vilyrði fyrir lóð að Nauthaga á Selfossi undir búsetukjarna Bergrisans. Verið er að vinna nýtt deiliskipulag í þessu sambandi. Rætt var um aðferðafræði Styrktarfélagins Áss við hönnun búsetukjarna.

Stjórn samþykkir áform um staðarval að Nauthaga. Ákveðið að fresta umræðum um hugsanlegt samstarf við Ás styrktarfélag til næsta fundar.

4. Kerlingardalur, samningaviðræður um lokauppgjör

Umræður um kröfu Kerlingadals um viðbótargreiðslur vegna lokauppgjörs, en þjónustu Kerlingadals við Bergrisann lauk á síðasta ári.

Stjórn Bergrisans hafnar kröfu Kerlingadals um þátttöku í uppsöfnuð tapi af rekstrinum. Lögmanni falið að svara erindinu.

5. Skaftholt, endurskoðun samninga

Úttekt Haraldar L. Haraldssonar fer nú fram og svara ekki að vænta úr því fyrr en 1. mars. Skrifstofa sveitarfélaga og byggðamála mun ekki taka afstöðu til hugsanlegrar aðkomu ríkisins að samningum fyrr en það liggur fyrir.

Stjórn Bergrisans telur ekki mögulegt að víkja frá ákvæðum eldri samnings fyrr en nýr samningur liggur fyrir.

6. Breiðabólstaður, endurskoðun samninga

Steinunn lögmaður hefur verið í sambandi við forsvarsmenn Breiðabólstaðar og þar verður gerð úttekt sambærileg og verið er að vinna fyrir Skaftholt.

Ákveðið að næsti stjórnarfundur verði haldinn mánudaginn 17. febrúar klukkan 10:00 í ráðhúsi Árborgar.

Fundi slitið 17:40